

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra

Matsblað fyrir

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni



ATVINNULÍF

Nr	Matsþættir Að hve miklu leyti á eftirfarandi við um þína umsókn?	Vægi
1	Lýsing á verkefninu er skýr og greinargóð. Markmið og afurð verkefnis eru ljós. Við lestur umsóknar er skýrt hver væntur árangur verkefnis er og miklar líkur á að hann náist.	15%
2	Verk- og tímaáætlun er vel ígrunduð og skýr. Verkbættir og vörður eru vel skilgreindar. Tímaáætlun er trúverðug, tekur á áskorunum sem upp geta komið og er mjög líkleg til að standast.	10%
3	Kostnaðaráætlun er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug. Fjármögnun er til staðar eða mjög líkleg til að ganga eftir.	10%
4	Verkefnið styður mjög vel við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess færir okkur nær tilgreindum markmiðum Sóknaráætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn á samfærandi hátt. Verkefnið er mjög líklegt til að hafa jákvæð samfélagsleg og/eða umhverfisleg áhrif .	30%
5	Hlutverk teymisaðila eru vel skilgreind og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila.	10%
6a	Mikið nýnæmi felst í verkefninu. Þróun á áður óþekktum aðferðum, vörum eða þjónustu. Mætir nýrri eða áður óleystri þörf á landsvísu.	10%
7a	Verkefnið stuðlar að atvinnusköpun til lengri tíma með verulegum afleiddum áhrifum. Miklar líkur á að því fylgi fjölgun starfa, aukin fagmennska og fjölbreytni í störfum.	15%

Nr	Matsþættir	Vægi	10-8 stig	7-4 stig	3-0 stig
1	Lýsing á verkefninu	15%	Lýsing á verkefninu er skýr og góð. Markmið og afurð verkefnis eru ljós. Fram kemur væntur árangur verkefnis og góðar líkur á að hann náist.	Lýsing á verkefninu er ásættanleg. Lýsing á markmiðum og afurð verkefnis er til staðar. Væntanlegur árangur mætti vera betur skilgreindur.	Lýsingu á verkefninu er ábótavant. Markmið og afurð eru ekki nægilega skilgreind. Væntur árangur er óljós og takmarkaðar líkur á að hann náist.
2	Verk- og tímaáætlun	10%	Verk- og tímaáætlun er vel ígrunduð og skýr. Verkpættir eru vel skilgreindir. Tímaáætlun er trúverðug og raunsæ og hugað er að áskorunum sem upp geta komið.	Verk- og tímaáætlun er ásættanleg. Verkpættir eru til staðar en mættu vera skýrari og betur skilgreindir. Tímaáætlun er í lagi en tekur ekki á áskorunum sem upp geta komið.	Verk- og tímaáætlun er gróf og frekar óljós. Ólíklegt er að verkefnið vinnist og klárast samkvæmt áætlun.
3	Kostnaðaráætlun	10%	Kostnaðaráætlun er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug. Fjármögnun er til staðar og líkleg til að ganga eftir	Kostnaðaráætlun og fjármögnun er ásættanleg en mætti vera betur unnin.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun eru grófar og vantar upp á trúverðugleika.
4	Tengsl við Sóknaráætlun	30%	Verkefnið styður vel við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess færir okkur nær markmiðum Sóknaráætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn á sannfærandi hátt. Verkefnið er líklegt til að hafa jákvæð samfélagsleg og/eða umhverfisleg áhrif.	Verkefnið styður að nokkru leyti við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess samræmist markmiðum Sóknaráætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn. Nokkrar líkur eru á jákvæðum samfélagslegum og/eða umhverfislegum áhrifum af verkefninu.	Óljóst er hvernig verkefnið færir okkur nær markmiðum Sóknaráætlunar.
5	Hæfni/Samstarf	10%	Hlutverk teymis/samstarfsaðila eru vel skilgreind og líkleg til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem geta leitt til ávinnings fyrir alla aðila.	Hlutverk teymis/samstarfsaðila er lítillaga skilgreint og kann að hafa jákvæð áhrif.	Hlutverk teymis/samstarfsaðila er lítt skilgreint og samstarf óverulegt.
6a	Nýnæmi	10%	Verulegt nýnæmi felst í verkefninu. Þróun á áður óþekktum aðferðum, vöru eða þjónustu á landsvísi eða í landshlutanum.	Nokkurt nýnæmi felst í verkefninu, einkum ef horft er til svæðisins eða nærumhverfis.	Lítið nýnæmi felst í verkefninu.
7a	Atvinnusköpun	15%	Verkefnið stuðlar að atvinnusköpun til lengri tíma með töluverðum afleiddum áhrifum. Líkur eru á að því fylgi aukin fagmennska og/eða fjölbreytni í störfum.	Líkur eru á að verkefnið stuðli að atvinnusköpun allavega tímabundið. Nokkrar líkur eru á afleiddum áhrifum og því kann að fylgja aukin fjölbreytni í störfum.	Lítill eða óljós atvinnusköpun fylgir verkefninu og takmarkaðar líkur á afleiddum áhrifum.

Ef umsókn fær 0 stig fyrir einhvern af þremur fyrstu liðunum telst hún sjálfkrafa ófullnægjandi.